



Fundur í hafnarnefnd

16. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn, mánudaginn 16. apríl 2018 og hófst kl. 18:00

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Jónas Jóhannsson, Jóhann Ægir Halldórsson, Áki Guðmundsson (í síma) og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Eyrarvegur 16 – umsókn um viðbyggingu við vesturhlið
2. Hafnsögumaður, vegna umsóknar um löggildingu
3. Önnur mál

1. Eyrarvegur 16 – umsókn um viðbyggingu við vesturhlið

Lögð fram umsókn frá Faglausnum ehf. fyrir hönd Ísfélagsins, dags. 13.03.2018, um 148,9 m² viðbyggingu við vesturhlið frystihússins. Umfjöllun hafnarnefndar er með vísan til II kafla hafnarlaga nr. 61/2003 5. gr. Umsókninni fylgja teikningar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framlagða umsókn fyrir sitt leyti og vísar málinu til byggingarfulltrúa til meðferðar.

Samþykkt samhljóða

2. Hafnsögumaður, vegna umsóknar um löggildingu

Með vísan til laga nr. 41/2013 og reglugerðar nr. 320/1998 II kafla 7. gr. staflíð e. veitir hafnarnefnd hér með jákvæða umsögn um umsókn Þórðar Úlfarssonar um löggildingu sem hafnsögumanns á Þórshöfn. Einnig staðfestir hafnarnefnd að Þórður er nákunnugur siglingaleiðum og öllum aðstæðum á svæðinu í kring um Þórshöfn. Hafnarnefnd felur hafnarstjóra að gefa út yfirlýsingu byggða á bókun þessari.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

Farið var lauslega yfir ýmis mál og ákveðið að funda fljótlega.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:25